



Samþykkt fyrir ungmennaráð Vopnafjarðar

Um verkefni ungmennaráðs

1. gr.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 14 – 25 ára í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar eftir því sem segir nánar í samþykkt þessari.

2. gr.

Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun innan stjórnsýslu sveitarfélagsins um málefni aldurshópsins.

3. gr.

Helstu markmið og hlutverk ungmennaráðs eru:

1. að koma skoðunum og tillögum ungs fólks á framfæri við hlutaðeigandi aðila innan stjórnkerfis sveitarfélagsins
2. að gæta hagsmuna ungs fólks með t.a.m. umfjöllun um mál sem snerta aldurshópin sérstaklega
3. að fulltrúar þess þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi Sveitarfélagsins

4. að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í frístundastarfsemi fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu
5. að efla tengsl nemenda menntastofnana, þ.e. grunnskólans og framhaldsdeildar, og sveitarstjórnar með umræðu meðal nemenda um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk
6. að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun um málefni aldurshópsins

4. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir þess óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

5. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

Um skipan fulltrúa og fundi

6. gr.

Ungmennaráð skal skipað fimm fulltrúum og fimm til vara á aldrinum 14 – 25 ára, til árs í senn. Eftirfarandi tilnefni fulltrúa til ráðsins eigi síðar en 20. september ár hvert:

- Tveir fulltrúar úr 9. og/eða 10. bekk Vopnafjarðarskóla og tveir til vara. Þeir verði valdir með almennri kosningu nemenda.
- Einn fulltrúi framhaldsdeildar og einn til vara. Fulltrúi valinn með almennri kosningu nemenda.
- Tveir fulltrúar frá frjálsum félagasamtökum í sveitarfélaginu samkvæmt sameiginlegri ákvörðun þeirra.

Starfstími ungmennaráðs skal vera tímabilið 20. september til 01. júní.

7. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kys það sér formann og varaformann. Formaður stjórnar fundum og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er fundarsköp varðar.

8. gr.

Ungmennaráðið heldur a.m.k. fjóra fundi á hverju starfsári. Fundar ráðið auk þess með sveitarstjórn í mars ár hvert og skal dagskráin undirbúin í samráði við sveitarstjóra.

9. gr.

Æskulýðs- og íþróttafulltrúi er starfsmaður ungmennaráðs. Situr hann að jafnaði fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins.

Heimilt er að boða aðra á fundi enda varða málefnið viðfangsefni ráðsins og verksvið hlutaðeigandi.

Um yfirumsjón ungmennaráðs

10. gr.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ráðinu um tillögur og áherslur eftir því sem við á. Æskulýðs- og íþróttafulltrúi ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu ráðsins, framkvæmd ákvarðana og eftirfylgni ályktana.

Um fundarsköp ungmennaráðs

11. gr.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs og ritun fundargerða gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp sveitarstjórnar. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. samþykkt þar að lútandi.

12. gr

Æskulýðs- og íþróttafulltrúi boðar til fundar með dagskrá að viðhöfðu samráði við formann. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Heimilt er að taka til meðferðar mál í ungmennaráði sem ekki eru tilgreind í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

13. gr.

Um hæfi fulltrúa í ungmennaráði gilda ákvæði í 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarstjórnar. Um hæfi starfsmanns ráðsins gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Gildi samþykkar

Samþykkt þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar þann 23.03. 2017
